



Halldór hefur starfað sem forstjóri Ríkiskaupa frá árinu 2012. Hann lauk viðskiptafræðiprófi cand. oecon frá Háskóla Íslands og meistaraprófi frá AAB Árósum. Halldór hefur gegnt ýmsum störfum tengdum innkaupum, sölu- og markaðsmálum og rekstrarráðgjöf, m.a. sem markaðsstjóri hjá Axis, skrifstofustjóri hjá Jötni hf. og sem forstöðumaður viðskiptadeildar hjá Osta- og smjörsolelunni. Þá gegndi hann stöðu deildarstjóra innkaupadeildar hjá Landspítala háskólasjúkrahúsi áður en hann tók við núverandi starfi. Hann var einnig um langt árabil prófdómari meistaraprófsverkefna við viðskiptadeild HÍ.